Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

# Ungmenni með einhverfu og önnur þroskafrávik

### *Hverjum er námskeiðið ætlað?*

Námskeiðið er ætlað foreldrum, aðstandendum og starfsfólki sem sinna umönnun, ráðgjöf þjálfun og kennslu ungmenna frá 13 ára aldri.

### *Lýsing*

Fjallað verður um ódæmigerðan taugaþroska, styrkleika og áskoranir í daglegu lífi. Rætt verður um áhrifaþætti varðandi sjálfsmynd, líðan, samskipti, kynheilbrigði og tengsl við geðheilsu svo sem kvíða og þunglyndi. Auk þess verður farið yfir samspil þroska og færni í daglegu lífi og skynúrvinnslu. Ennfremur verður fjallað um hvernig skipulag, aðlögun umhverfis, skilningur og lausnamiðuð hugsun getur stuðlað að aukinni þátttöku og lífsgæðum ungmenna í þessum hópi. Farið verður yfir hvort greining feli í sér létti eða sorg og hvaða þýðingu hún hefur fyrir viðkomandi einstakling, fjölskyldu hans og nærsamfélagið. Auk þess deilir foreldri eigin reynslu. Námskeiðið er byggt á fyrirlestrum, fræðslumyndböndum og umræðum.

### *Markmið*

Að þátttakendur:

- Efli þekkingu og skilning á þörfum ungmenna með ódæmigerðan taugaþroska
- Auki hæfni sína til að takast á við ýmsar áskoranir í daglegu lífi
- Geti miðlað þekkingu til fjölskyldu eða samstarfsfólks
- Tileinki sér jákvæð viðhorf og lausnamiðaða hugsun

### *Umsjón*

Helga Kristín Gestsdóttir iðjuþjálfi

Fræðslu- og kynningarsvið, 2020.